

Alþingi,
fjárlaganefnd
Austurstræti 10-14
101 Reykjavík
(sent rafrænt nefundasvid@althingi.is)

Ísafirði 24. maí 2016

Umsögn um fjármálaáætlun 2017-2021, þingskjal 740, 145. löggjafarþing.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) lýsir stuðningi við þá aðferðarfræði sem hér er sett í framkvæmd með langtíma áætlunargerð. Áætlunin byggir á grunni annarra áætlana sem ríkið og eða Alþingi hafa afgreitt auk stefnumörkunar ráðuneyta. Nú er með einfaldari hætti hægt að hafa heildaryfirlit og fylgja eftir verkefnum stjórnvalda.

FV leggur áherslu á mikilvægi samráðs ráðuneytanna við hagsmunaaðila og gegnsæi í ákvörðunum um áherslur í þeim.

FV telur í þessum efnum að fjalla hefði mátt nánar í greinargerð með fjármálaáætlun 2017-2021, hvernig komist er að niðurstöðu um tekjur og útgjöld hinna 34 málaflokka. Er ríkisfjármálaáætlun sé áætlun fjármálaráðuneytis eða er hér um að ræða niðurstöðu eftir víðtækt samráð, ráðuneyta og rýni á áætlanir ríkisins. FV beinir því til Alþingis að kalla eftir þeim upplýsingum. Mikilvægi þessa atriðis í starfsemi FV má t.d. nefna í tengslum er varðar framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða, en lögum samkvæmt er viðhaft víðtækt samráð við hagsmunaaðila um áherslur áætlunarinnar. Trúverðugleiki samráðs eflist til muna ef hagsmunaaðilar geta rakið ákvarðanir sem teknar eru innan sóknaráætlunar inn í fjármálaáætlun. Það eflir einnig fjármálaáætlun að geta vísað til óslitinnar umboðskeðju.

FV beinir því einnig til Alþingis að taka til umræðu hvernig samráð verði með stærri áætlunum ríkisins með fjármálaáætlun s.s. ákvarðana um framkvæmd verkefna innan samgönguáætlunar og fjármögnun þeirra í fjármálaáætlun.

FV lýsi áhyggjum af mismunandi hagsveiflum landshluta og byggðaðþróun.

Á bls 39 segir „Í öllu falli varðar miklu um þessar mundir að opinberu fjármálin stuðli ekki að frekari eftirspurnarþenslu og ruðningsáhrifum. Í samræmi við grunngildi nýrra laga um opinber fjármál ætti farsæl stjórn opinberra fjármála að miða að því að þau verði hagsveiflujafnandi en ekki hagsveiflumagnandi.”

Staða landshluta er mismunandi með tilliti til samsetningar atvinnulífs, þróun hagvaxtar og lýðfræðileg þróun, eins og lýst er ágætlega í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ sem unnin var fyrir Byggðastofnun („Hagvöxtur landshluta“ (des 2015)). Skýrslan var mjög skýr um að hafa beri verulegar áhyggjur af stöðu Vestfjarða m.t.t. til lágs hagvaxtar og alvarlegri íbúaþróun. Einnig skal vísað til umfjöllunar í fjármálaáætlun á bls 119 um mismunandi samsetningu atvinnulífs og áherslur í byggðamálu á bls 120.

Vestfirðir hafa margreynt í gegnum árin að þrátt fyrir áherslur stjórnvalda um eflingu byggðar og atvinnulífs, þá ná nauðsynleg verkefni ekki fram með þeim hraða sem þarf innan landshlutans. Á þenslutímum eru sjónarmið um að draga úr framkvæmdum almennt. Hinsvegar þegar samdráttur verður þá er fjármagni beint til annarra landshluta á þeirri forsendu að þar sé meiri þörf m.t.t. mannfjölda, atvinnuleysisstigs o.s.fr. Horft á málið í hnotskurn þá er dregið í efa að sú stefna sem sett er fram í fjármálaáætlun, verði Vestfjörðum hagfelld. Það er sú stefna með að draga úr útgjöldum ríkisins á meðan áætlaður hagvöxtur á landsvísu er hvað mestur á árunum 2017 og 2018.

FV telur að efnahagsstefna í fjármálaáætlun verði að taka aukið tillit til þessarar stöðu Vestfjarða og ganga verði lengra með fjármögnun verkefna sem efla stöðu landshlutans innan ákveðinna málavíða. Séu ekki mögulegt að auka tekjur ríkissjóðs þá telur FV að ganga lengra í sparnaði í verkefnum í öðrum landshlutum. Í því samhengi má benda á að hagvöxtur verður mestur á höfuðborgarsvæðinu, en á sama tíma er almenn sátt um að auka skuli fjármagn til heilbrigðismála með uppbyggingu öflugs Landsspítala. Slíkt eflir til skamms tíma mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæði og til lengri tíma litið mun þessi stefna einnig styrkja höfuðborgarsvæðið með hærri hlutfalli hálaunastarfa.

FV lýsir áhyggjum af aðhaldskröfu í rekstri stofnana á hagvöxt landshluta og fjölbreytni starfa.

Bls 42 Í áætluninni er almennt gert ráð fyrir 1% árlegri aðhaldskröfu en þó er reiknað með lægri aðhaldskröfu í heilbrigðis- og menntamálum eða 0,5% á ári og að hún verði engin í almanna- og atvinnuleysistryggingum. Áætlað er að aðhaldskrafan skili samtals 3 mia.kr. árlegu útgjaldaaðhaldi sem getur þó ekki talist vera mjög rík aðhaldskrafa í sögulegu samhengi

Gæta verður að því að þessari aðhaldskröfu sé ekki beint jafnt á landshlutana heldur í beint harðar gagnvart höfuðborgarsvæði til að mæta markmiðum fjármálaáætlunar um 3 milljarða og telja verður að höfuðborgarsvæðið njóti mest ábata af lægri hagræðingarkörfu vegna stefnu um uppbyggingu á heilbrigðisgeiranum. Stofnanir og skrifstofur stofnana í öðrum landshlutum verði hið minnsta ekki skertar helst þess í stað efldar.

Bls 56. Gengið er út frá því að aðhaldsmarkmiðið verði hluti af útgjaldaramma málefnasviða. Ráðuneyti ákvarði hvernig aðhaldsmarkmiði málefnasviða verði mætt í fjárlagagerðinni svo sem með því að draga úr útgjöldum sem því nemur í einu eða fáum verkefnum, með jafnri aðhaldskröfu til allra stofnana og verkefna eða eftir annarri forgangsröð.

FV lýsir áhyggjum að framkvæmd þessa verkefnis innan ráðuneytanna og krefst þess að Alþingi fylgi nú eftir stefnu stjórnvalda um fjölgun / eflingu opinberra starfa utan höfuðborgarsvæðið. Ráðuneyti gangi nú fram og efli útibú og skrifstofur utan höfuðborgarsvæðis. Verkefni sem er ekki er vanþörf á miðað við svör ráðuneyta til Alþingis um árangur af tilflutning starfa í tengslum eflingu sýslumannsembætta. En þar kemur fram að þrátt fyrir eindregna stefnu stjórnvalda í þeim efnum þá hafa engin ráðuneyti utan IRR, séð sér fært að flytja störf til embættanna.

Hér er mikil þörf á nýsköpun og nýja hugsun í stjórnsýslunni. Lagt er til að myndaður verði þróunarsjóður sem stofnanir geti sótt í til að efla skrifstofur sínar utan höfuðborgarsvæðis og eða stofnanir verði ekki beittar hagræðingarkröfu í ákveðin tíma.

Nú verður vikið að útgjaldaramma einstaka málaflokki og gengur FV út frá að fjármálaáætlun sé að þessu sinni sú niðurstaða stjórnvalda hvert verði umfang og hvaða verkefni verði sett í framkvæmd og önnur ekki. Sama á við ákvörðun um tekjuhlíð þ.e. skatta og gjöld sem lögð eru á fyrirtæki og einstaklinga.

8. Sveitarfélög og byggðamál.

Jákvætt er að auka skuli við útgjaldaramma þessa málaflokks um 450 mkr á árinu 2017. Því hinsvegar mótmælt að þaðan í frá hækki þær lítillaga eða um 50 mkr fram til ársins 2021 (samkvæmt yfirliti á bls 5) og í raun rýrna miðað við verðlagsþróun. Aftur skal ítrekað að ekki eigi að setja almenna hagræðingarkröfu (1 %) á fjárlagaliði sem tengjast málaflokkum byggðamála. Einnig er óskað eftir að nánari útlistun á hvar þessi útgjaldarammi verði nýttur en ekki er ljóst af skýringum á bls 120 og 121 hvar þessi aukning eigi að koma fram. Því er beint til Alþingis að þessi liður verði skoðaður nánar.

Málefni skipulagssjóðs falla undir þennan málefnalið. Bent er á að í þingmálaskrá ríkisstjórnar er fyrirhugað að leggja fram frumvarp um haf og strandsvæðaskipulag. FV leggur mikla áherslu á að þetta mál nái fram enda grundvallaratriði fyrir stefnumörkun í nýtingu og verndun sjávarauðlinda á Vestfjörðum. Gefa þarf rými í fjármálaáætlun að veita fjármagni til þessa verkefnis, gert er að tillögu að á árinu 2017 verði veittar verði allt að 100 mkr til þessa máls.

11. Samgöngu og fjarskiptamál

Stórar framkvæmdir í vega og samgöngumálum eru lykill að uppbyggingu svæða og fyrir Vestfirði er mikilvægt að nú sé komið að landshlutanum varðandi næstu jarðgangaframkvæmdir þ.e. Dýrafjarðargöng. Lýst er einnig stuðningi við önnur samgönguverkefni sem tilgreind eru á bls 9.

FV lýsir þó miklum áhyggjum að endurbætur og viðhald vegakerfisins eru ekki sett fram sem sértækt markmið. Í þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018, er ákall til stjórnvalda um að vegakerfið þoli ekki lengur þessa stöðu og milljarða þurfi til að hefja að nýju eðlilegt viðhald.

Benda verður á í lok tímabils fjármálaáætlunar verða liðin 12 ár frá því niðurskurður hófst á því sviði. Benda verður á að endingartími vega er 20 - 30 ár því er a.m.k. helmingur af endingartíma vega nú þegar liðinn. Slægt viðhald dregur úr flutningsgetu samgöngukerfisins auk þess að minnka öryggi vegfarenda sem getur leitt til aukinnar slysátíðni með auknum kostnaði. Gefur auga leið að gríðarlegt verkefni blasir við á næsta áratug ef byggja þurfi upp stóran hluta vegakerfisins frá grunni í stað þess að leggja áherslu á reglulegt viðhald.

Ljósleiðari er lykilþáttur í nútímasamfélagi líkt og símalínur (kopar) voru á sínum tíma. Með því að framlengja ákvæði um 500 mkr framlög til Fjarskiptasjóðs er fjármálaáætlun að taka

mið af þeim nútímaforsendum sem Ísland þarf að setja sér til þess að vera samkeppnisfært á alþjóðavísu. Hinsvegar nægir þetta fjármagn ekki til að ljúka verkefninu á viðunandi tíma (2016-2020), það er mat verkefnisins Ísland ljóstengt, að tengja megi 99,9% landsins fyrir um 4 mia.kr en fjárveiting í fjármálaáætlun til Fjarskiptasjóðs er 2,5 mia.kr. Lagt hefur verið af stað með samstarf við sveitarfélög í landinu auk orku og fjarskiptafyrirtæki um verkefnið. Það er þó strax ljóst að fámennustu og þá oftast dreifbýlustu sveitarfélögin hafa ekki bolmagn til að taka þátt í slíku samstarfi. Því þarf að koma inn sértækt fjármagn 1,5 mia.kr til að koma þeim svæðum til aðstoðar og ljúka verkefninu á næstu tveim árum. Eðlilegast væri að beina þessu fjármagni til Fjarskiptasjóðs en þar kemur til að ákvæði fjarskiptalaga um lágmarks flutningsgetu gagnaflytningakerfis 128 kb takmarka aðkomu sjóðsins á þessum svæðum. Breyta þarf því fjarskiptalögum eða veita þessu fjármagni beint til viðkomandi sveitarfélaga.

12. Landbúnaðarmál

Nýr búvörusamningur er nú til umfjöllunar Alþingis og er gert ráð fyrir fjármagni til hans í fjármálaáætlun. Markmið samningsins eru mikilvæg fyrir landbúnað á Vestfjörðum en gæta þarf að byggðaáhrifum hans og settur er fyrirvari um að þau náist eins og að er stefnt.

13. Sjávarútvegur.

FV lýsir áhyggjum af stöðu rannsóknastofnana innan sjávarútvegs. Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun hafa verið sameinaðar en svo virðist sem hagræðing þeirrar sameiningar sé tekin til baka í fjárveitingum til hinnar nýju stofnunar. Áhersla er á að efla rannsóknir á úthafi en FV telur í raun mikilvægara að rannsóknir á grunnsævi verði eflar til muna enda er þar um að ræða uppeldissvæði flestra nytjastofna. Markaðssetning sjávarafurða og alþjóðlegir sáttmálar um nýtingu náttúruauðlinda setja í dag mikla kröfu á staðfestingu sjálfbæra nýtingar og þar eru grunnrannsóknir lykilþáttur í framsetningu mála. Í annan stað skal nefnt, að nú er mjög aukin ásókn í nýtingu grunnsævisins s.s. fiskeldi, þang og þaranýting, kalkþörunganáms, ferðapjónusta, útivist, hafnir og vegagerð o.fl.. Lagt er til að hin nýja stofnun haf og vatnarannsóknna, haldi að lágmarki því fjármagni sem hinar tvær eldri stofnanir höfðu áður og aukið verði fjármagn til rannsókna á grunnsævi.

14. Ferðapjónusta.

Uppbygging ferðamannastaða, markaðssetning Íslands og stýring ferðamanna eru lykilþættir í að það haldist vel á að festa ferðapjónustu sem einn lykilþátta atvinnulífs. FV leggur áherslu á að fylgt verði eftir þeirri stefnumörkun sem lögð er fram í Vegvísi ferðapjónustunnar og fjármagn tryggt til þeirra þátta.

FV vill síðan vekja athygli á að áhersla stjórnvalda til að tryggja dreifingu ferðamanna mega ekki einblína um of á styrkingu nýrra gátta inn í landið með flugi. Það mun svo sannarlega styrkja Austurland og Norðurland og ef til vill í einhverju mæli Vestfirði. Telja verður Vestfirði þó meira á áhrifasvæði Keflavíkurflugvallar, en þá þarf að koma fjármagn til markaðssetningar gagnvart Vestfjörðum. Fordast verður þá niðurstöðu að dreifing ferðamanna um landið sé eingöngu leyst með því að leggja fjármagn til að efla Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll.

20. Framhaldsskólastig. 21 Háskólastig og 22 Önnur skólastig.

Vestfirðir er það landssvæði þar sem er hæðst hlutfall íbúa án framhaldsmenntunar. Vegna íbúafækkunar og náttúrlegrar sveiflu í aldurssamsetningu þá þarf að tryggja að starfsemi framhaldsskólans á Vestfjörðum sé ekki skert af þeim orsökum. Sama á við starfsemi Símenntunarmiðstöðvar. Í ályktun 60. Fjórðungspings Vestfirðinga segir ;

60. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 skorar á stjórnvöld að taka mið af sérstöðu Menntaskólans á Ísafirði þegar kemur að úthlutun rekstarfjár til framhaldsskóla. Skólinn er mikilvægur í samfélagslegu tilliti á margan hátt, enda eini framhaldsskólinn á svæðinu og samfélagsleg áhrif hans mikil. Verknámsnemendur eru nú um þriðjungur af nemendafjölda skólans og mikilvægt er að skólinn geti áfram boðið upp á fjölbreytt verknám þó að fyrirsjáanleg sé fækkun nemenda í árgöngum. Þá er einnig mikilvægt að reiknilíkan fyrir framhaldsskóla verði endurskoðað og sú endurskoðun geri ráð fyrir samfélagslegri sérstöðu skóla þar sem það er viðeigandi.

Á háskólastigi þarf að efla starfsemi Háskólaþess Vestfjarða í námsframboði og til að efla fjarnám á þess höndum.

23. Sjúkrahúspjónusta. 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa. 25. Hjúkrunar og endurhæfingarþjónusta.

FV styður markmið um úrbætur í heilbrigðismálum með eflingu Landsspítalans en krefst þess að fjármagn verði jafnframt aukið til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Í ályktun 60. Fjórðungspings Vestfirðinga segir *60. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015 skorar á Alþingi að auka við fjárheimildir til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, þannig að unnt sé að tryggja góða heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði stofnunarinnar sem er í samræmi við nútímakröfur. Við sameiningu heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði við heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði voru gefin fyrirheit um bættu þjónustu, en möguleikar stofnunarinnar til að sinna grunnþjónustu miðað við núverandi fjárheimildir gefa ekki tilefni til bjartsýni. Þvert á móti er áhyggjuefni að fjárheimildir duga ekki til grunnrekstrar.*

FV bendir einnig á beiðni Vesturbyggðar um að að byggt verði hjúkrunarheimili á Patreksfirði í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HsV). Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra á Alþingi 145. löggjafarþing, kom fram að á öldrunardeild HsV á Patreksfirði eru 11 hjúkrunarrými, þar af eru 3 með tvíbýli og 2 með þríbýli. Er þetta eina öldrunardeildin utan höfuðborgarsvæði sem er með þríbýli en þau eru alls 33 í landinu. Heilbrigðisráðuneyti hefur ekki sett fram með skriflegum hætti hvenær verði farið í verkefnið á Patreksfirði. Því er hér sett fram krafa um 400 mkr framlag til verkefnisins og það komi til framkvæmda á áætlunartíma fjármálaáætlunar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri